

Skipulagsfulltrúi
Garðabær-Bæjarskrifstofur
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Reykjavík 17. október 2018
UST201810-008/K.S.J.
10.04.03

Efni: Lýsing - Deiliskipulag - Lyngás

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Garðabæjar er barst 1. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu deiliskipulags Lyngássvæðis.

Umhverfisstofnun tekur undir almennar áherslur sem eru í gildandi aðalskipulagi Garðabæjar og koma fram í upphafi lýsingar.

Þar sem lýsingin fjallar um að heilt hverfi, bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að litið sé til umhverfissvænna lausna eins og kostur er, s.s. blágrænar ofanvatnslausnir. Einnig er mikilvægt að fram komi með skýrum hætti tengingar göngu- og hjólaleiða innan hverfisins við slíkar leiðir í næstu hverfum.


Úrgangur

Þar sem á ofangreindu svæði eru byggingar sem til stendur að farga/endurnýta vill Umhverfisstofnun benda á eftirfarandi skýrslu: „Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir tímabilið 2013-2024“ er skýrsla sem var gefin út af Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu og einnig bendir stofnunin á lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Í áætluninni eru sett fram tímasett markmið sem öll miða að því að bæta nýtingu auðlinda og lágmarka þau neikvæðu áhrif sem myndun og meðhöndlun úrgangs hefur á umhverfið og heilsu manna.

Fráveita

Stofnunin minnir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Axel Benediktsson
Sérfræðingur